



**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**101 Reykjavík**

sent á nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík 29. mars 2019

**Umsögn Landverndar við frumvarp um breytingar á lögum um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), mál 647 á 149. löggjafarþingi.**

Landvernd þakkar fyrir það samráð sem nú er haft um lagasetningu um fiskeldi en því miður hefur það verið af skornum skammti hingað til. Landvernd telur sýnt að hagsmunadailar í fiskeldi hafi óeðlilega sterk áhrif á Alþingi, ráðuneyti og stofnanir og kallar eftir því að úr þeim verði dregið. Þetta hefur komið fram m.a. í skyndilagasetningu Alþingis í október sl. sem nú hefur verið kvartað yfir til ESA og eftirlitsnefndar Árósasamningsins.

Landvernd áréttar ályktun aðalfundar samtakanna frá því 2017<sup>1</sup> þar sem fram kemur að samtökin krefjast þess að stjórnvöld móti skýra stefnu sem til langs tíma banni ræktun á eldislaxi í sjó nema tryggt sé að erfðablöndun geti ekki átt sér stað við íslenska laxastofna. Þetta má tryggja með notkun ófrjórna stofna eða ræktun í lokuðum kerfum í sjó eða á landi. Auk þess þurfi að tryggja öflugt eftirlit með starfsemi fiskeldisfyrirtækja. Rannsóknir hafa sýnt að erfðablöndun eldislax við villta stofna Atlantshafslax hafi neikvæð áhrif á lífsferil og möguleika villtra stofna til að bregðast við breytingum í umhverfi til lengri tíma litið vegna erfðabreytinga.

Eldi á frjóum laxi í sjókvíum getur valdið óafturkræfum breytingum á erfðasamsetningu íslenskra laxastofna með ófyrirséðum afleiðingum. Þessi stefna samrýmist hvorki lögum um náttúruvernd<sup>2</sup> né samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland er aðili að<sup>3</sup>. Okkur ber skylda til að uppfylla samninginn. „Verndun líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi er að styrkja og varðveita til framtíðar þær tegundir sem hafa frá upphafi skapað íslenska náttúru og þrífist hér á landi í árþúsundir og að koma í veg fyrir að tegundir deyi út af mannavöldum,“ eins og það er orðað á vef Stjórnarráðsins í upplýsingatexta um þennan samning Sameinuðu þjóðanna og Landvernd tekur heilshugar undir.

Úrgangur frá fiskeldi í opnum sjókvíum hleðst upp á meðan fiskeldi fer fram í kvíum. Magnið frá eldisfiski í sjókvíum er svo mikið að áhrifa gætir fljótt. Úrgangur hleðst upp á botninum í nálægð kvíanna. Þetta hefur neikvæð áhrif á gróður- og dýraríkið undir sjókvíum og líklega langt utan þeirra líka. Þróunin með vaxandi eldi í sjókvíum leitt til þess að notkun kemískra eiturefni gegn laxalús eru orðin hluti af laxeldi í sjó við Ísland. Þessum efnum hefur verið hellt í opinn sjó sem eru óásætlanleg vinnubrögð.

<sup>1</sup> <https://landvernd.is/Sidur/Bann-gegn-raektun-frjos-eldislax-i-sjo>

<sup>2</sup> 1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/liffraedileg-fjolbreytni/>



Landvernd styður þá afstöðu sem hefur komið fram af hálfu Hafrannsóknastofnunar að hún sé mótfallin notkun á lúsalyfjum enda geti þau skaðað krabbadýr, þar með talið rækju. Hafrannsóknastofnun hefur bent á að aflúsunarefni hafi áhrif á hamskipti laxalúsa og að rannsóknir sýna fram á skaðleg áhrif efnanna á önnur krabbadýr. (Sjá umsögn Hafrannsóknastofnunar í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framleiðsluaukningar á laxi um 4.500 tonn á vegum Arnarlax í Arnarfirði, 5. Júlí 2018<sup>4</sup>).

Rannsóknir á mögulegum umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á iðnarskala við Ísland eru af mjög skorum skammti. Þær þarf að efla áður en lengra er haldið. Útgáfa leyfa er nú þegar langt umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við hversu takmörkuð þekking er afleiðingum umfangsmikils sjókvíaeldis á náttúru og lífríki landsins.

Þá telur Landvernd mikilvægt að ákvæðum um gjaldtöku í núverandi frumvarpsdrögum verði breytt þannig að greitt sé fyrir leyfi til þess að framleiða en ekki fyrir framleidda afurð.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

---

<sup>4</sup><http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1320/201708043.pdf>